

Fundargerð nr. 206

206. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árnésinga haldinn á Teams, 9.5.2023 kl. 10:15.

Mætt: Kjartan Björnsson, Erla Sif Markúsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Helga Sighvatsdóttir og Jóhann I. Stefánsson.

1. Menntaverðlaun Suðurlands 2022

Tónlistarskóli Árnésinga fékk menntaverðlaun Suðurlands. Rætt um verðlaunin, viðburðinn og hversu mikill heiður það er að fá þau. Stjórn skólans þakkar fyrir viðurkenninguna og óskar kennurum, nemendum og starfsfólki skólans til hamingju með verðlaunin. Við erum hreykin af starfi skólans.

2. Kórlög Sigfúsar Ólafssonar – bréf til skólans

Farið var yfir bréf sem barst skólanum varðandi minningartónleika til heiðurs Sigfúsi Ólafssyni.

Næsta vetur gætu söngnemendur sett saman dagskrá og hafið undirbúning næsta haust.

Stjórn tónlistarskólans og stjórnendur taka vel í erindið og þetta verður skoðað á komandi vetri.

3. Samningur við Attentus v. Jafnlaunastaðfestingar

Farið var yfir niðurstöður úttektarinnar sem eru mjög ánægjulegar.

Launamunur er 0,9% konum í hag sem er vel innan innar marka. Mjög þéttur rammi er utan um launasetninguna sem skilar sér vel í jafnlaunavottuninni.

Stjórn tónlistarskólans fagnar niðurstöðunni.

4. Skóladagatal

Drög að skóladagatali næsta skólaárs lagt fyrir. Dagatalið er unnið með dagatöl grunnskólanna til viðmiðunar. Breytingar eru gerðar á tímasetningum smíðja og frídaga en horft er til að þess að tilfærslan sé til bóta. Annars er dagatalið mjög hefðbundið.

5. Húsnæðismál

Kennt er inni í flestum grunnskólum. Almennt ágætis aðstaða en þrengir að á nokkrum stöðum. Rýmin eru mikilvæg og þurfa að vera viðunandi.

- Selfoss, Eyravegi 15 – hljóðeinangrun milli herbergja.
- Hveragerði – vöntun á húsnæði.
- Ölfus – hljóðvist í stofu 1.

Stjórn skólans þakkar þeim sveitarfélögum sem hafa aðstöðuna góða en hvetur hin til lagfæringar til þess að starfsemi skólans geti farið fram með eðlilegum hætti.

6. Skólaheimsóknir

Rætt um skólaheimsóknir. Stefnt er á að fara í uppsveitirnar í haust.

7. Nemendakerfi

Nýir eigendur eru að nemendakerfinu og verið er að aðlaga bæði kerfið að skólanum og skólann að kerfinu. Starfsfólk hefur setið námskeið í vetur. Kerfið er gott og nýtist vel í starfi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:10 / ESM

*Kjartan Björnsson,
Erla Sif Markúsdóttir,
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson,
Helga Sighvatsdóttir,
Jóhann I. Stefánsson*